



SKÝRINGAR MEÐ REGLUGERÐ UM KÖRFUKNATTLEIKSMÓT

- Varnarreglur yngri flokka -


Í reglugerð um körfuknattleiksmót kemur eftirfarandi fram varðandi varnarleik:

- **MB10 og MB11 (sömu reglur):** Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn. Varnarlið má ekki tvöfalda eða gildra (e. double team, trap).
- **7. og 8. flokkur (sömu reglur):** Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 7. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli.
- **9. flokkur:** Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli.
- **10. flokkur:** Engar sérreglur um varnarleik.

Meðfylgjandi tafla er sett upp til að skýra þessi ákvæði betur upp.

	Spila vörn á sóknarvelli	Svæðisvörn og svæðisvarnar-afbrigði	Tvídekka leikmann án bolta	Tvídekka leikmann með bolta	Skiptivarnir, skipta á hindrunum	Almennar hjálparreglur í M2M vörn
MB10	HEIMILT	BANNAÐ	BANNAÐ	BANNAÐ	HEIMILT	HEIMILT
MB11	HEIMILT	BANNAÐ	BANNAÐ	BANNAÐ	HEIMILT	HEIMILT
7. flokkur	HEIMILT	BANNAÐ	BANNAÐ	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT
8. flokkur	HEIMILT	BANNAÐ	BANNAÐ	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT
9. flokkur	HEIMILT	BANNAÐ	BANNAÐ	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT
10. flokkur	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT	HEIMILT


1. Spila vörn á sóknarvelli: Þar sem það er ekki sérstaklega tekið fram að bannað sé að spila vörn á sóknarvelli, þá er það heimilt í öllum þessum flokkum.
2. Svæðisvörn og svæðisvarnarafbrigði: Svæðisvörn er sérstaklega bönnuð, og sama gildir um svæðisvarnarafbrigði þar sem hluti liðs spilar svæði og aðrir spila maður á mann. Undir þetta falla meðal annars svo kallaðar ruslvarnir (t.d. box og einn, þríhyrningur og tveir o.s.frv.). Hér þarf að skoða sérstaklega hvernig aðrir varnarmenn bregðast við þegar tveir varnarmenn gildra bolta. Það er þá eðlilegt að þeir varnarmenn sem eru ekki í gildrunni skilji þann sóknarmann eftir sem er lengst frá bolta.
3. Tvídekka leikmann án bolta: Að tvídekka leikmann án bolta telst vera svæðisvörn, þetta er því ekki heimilt í þeim flokkum þar sem bannað er að leika svæðisvörn.



Mynd 1 - bannað er að tvídekka leikmann án bolta í þeim flokkum sem svæðisvarnir eru bannaðar.



4. Tvídekka leikmann með bolta: Þetta er sérstaklega bannað í minnibolta, en það er ekki talað sérstaklega um þetta í reglum 7. flokks og eldri. Það er ekki eðlilegt að senda þrjá eða fleiri leikmenn almennt á leikmann með bolta úti á velli, en getur gerst í einstaka tilfellum þegar leikmaður með boltann sækir að körfu.
5. Skiptivarnir, skipta á hindrunum: Þetta er ekki sérstaklega bannað og það má skipta á hindrunum, hvort sem er hindrunum frá bolta eða á bolta.
6. Skiptivarnir, skipta á öllum aðgerðum frá bolta: Lið sem skipta á flestum eða öllum aðgerðum frá bolta, s.s. stungu (e. cut) að körfu eru að leika svæðisvörn. Þetta getur vissulega komið upp og verið eðlilegur hlutur af varnarleik á þessu aldurstigi, en þegar lið leika svona kerfisbundið þá er það svæðisvörn og óheimilt í 9. flokki og yngri.
7. Almennar hjálparreglur í M2M vörn: Almennar hjálparreglur í maður á mann vörn eru heimilar í öllum flokkum, þannig að leikmenn á veiku hliðinni mega stiga inn í átt að eða inn í teig til að hjálpa þegar þeirra leikmaður er fjarri bolta. Þessir varnarmenn verða sömuleiðis að hreyfa sig með sínum leikmanni þegar hann hreyfir sig í átt að bolta. Verði varnarmaður í hjálparstöðu oftast eða alltaf eftir þegar hans sóknarmaður hreyfir sig í átt að bolta má álykta sem svo að verið sé að spila svæðisvörn eða svæðisvarnarafrbrigði.



Mynd 2 - Varnarmaður í hjálparstöðu þarf að færa sig með sóknarmanni þegar hann nálgast boltann í þeim flokkum sem svæðisvarnir eru bannaðar.